



Skýringar

- Landnotkun**
- Íbúðarbyggð (ÍB)
 - Landbúnaðarsvæði (L)
 - Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
 - Verslun- og þjónusta (VP)
 - Iðnaðarsvæði (I)
 - Samfélagsþjónusta (S)
 - Hindranafletir flugvalla
- Þjónustukerfi**
- Stofnvegur/stofnbraut
 - Tengivegur/tengibraut
 - Gönguleið
 - Göngu- og hjólreiðaleið
 - Reiðleið
 - Hitaveita
 - R Rafveita, loftlína
 - R Rafveita, neðanjarðar
 - Byggingar
 - Hæðalínur




GILDANDI AÐALSKIPULAG M.S.BR., ÖÐLAÐIST GILDI 22.03.2019



BREYTT AÐALSKIPULAG

Grunnkort: Landmælingar Íslands
 Myndmældur hæðarlínugrunnur
 Hnitakerfi: Lambert
 Hnattstaða: ÍSNET 93
 Mælikvarði A3: 1:15.000



Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030

Breyting á aðalskipulagi: Héraðsreiðleið RH7

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar leggur fram eftirfarandi breytingu á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar, sem öðlaðist gildi 22.03.2019.

Forsendur

Í breytingu sem gerð var á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og hlaut gildi 31.03.2022 er gert ráð fyrir að reiðleið RH7 liggji í landi Brúna, skáhallt upp Laugalandsbrekkuna, meðfram túni að afleggjara við Eyjafjarðarbraut eystri. Tilefni er til endurskoðunar á gildandi áformum.

Markmið

Í kafla 7.3 greinargerðar Aðalskipulags Eyjafjarðar 2018 - 2030 er lýst markmiði um að umferð ríðandi manna skuli flytjast af akvegum á sérstaka reiðvegi. Með því að færa reiðleiðina fjarri akandi umferð er stuðlað að auknu öryggi ríðandi vegfarenda og núverandi innviðir nýttir betur. Með breyttri færslu er markmiðið að skapa meiri sátt með legu reiðleiðarinnar og næði fyrir ábúendur á svæðinu.

Breyting á greinargerð

Númer vegar	Lýsing
RH7	Frá stofnleið RS8 tengist héraðsleið RH7 inn á hitaveituveg til suðurs yfir Miðbraut (823) og skáhallt upp Laugalandsbrekku að Eyjafjarðarbraut (829) norðan við afleggjarann að Brúnum.

Breyting á skipulagsupprætti

Legu héraðsreiðleiðarinnar RH7 er breytt og hún tengd stofnleiðum RS8 til norðurs. Þaðan liggur reiðleiðin til suðurs um hitaveituveg, yfir Miðbraut (823) og meðfram jaðri skjólbeltis við landamerki Brúna og Syðra Laugalands efra að Eyjafjarðarbraut (829). Áfram er gert ráð fyrir legu reiðleiðar RH7 til norðurs að gatnamótum Eyjafjarðarbrautar og Miðbrautar með hliðsjón af mögulegri reiðleið til norðurs í framtíðinni.


Umhverfisáhrif

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif þar sem einungis er verið að hliðra litlum hluta héraðsleiðar til innan beltis sem raskað hefur verið við landbúnaðarstörf. Skerðing rækarlands vegna áformanna er óveruleg og að fullu endurheimtanleg. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á umferðaröryggi.

AÐALSKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 2. MGR. 36. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN _____

SVEITARSTJÓRI EYJAFJARÐARSVEITAR

AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN VAR STAÐFEST AF SKIPULAGSSTOFNUN ÞANN _____



AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018 - 2030
 SÉRUPPDRÁTTUR: NORÐURHLUTI - BYGGÐ OG BYGGÐARKJARNAR
 STAÐSETNING BREYTINGAR

Unnið fyrir: Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar
 Unnið af: Landslag ehf



Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018 - 2030
 Séruppdráttur: Norðurhluti - byggð og byggðakjarnar
 Breyting nr. 14: Héraðsleið RH7
 Dags: 26. ágúst 2024